



# REGLUGERÐ UM DÓMARANEFND GSÍ OG GOLFDÓMARA

## 1. kafli Dómaranefnd

### 1. gr. Skipun nefndarinnar:

Dómaranefnd GSÍ skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara og skulu þeir kosnir til tveggja ára í senn af golfþingi. Skulu a.m.k. tveir aðalmanna hafa alþjóðleg dómararéttindi frá R&A Rules Ltd (hér eftir nefnt R&A) og aðrir nefndarmenn og varamenn skulu hafa landsdómararéttindi hið minnsta. Skal nefndin skipta með sér störfum og skal formaður hennar hafa alþjóðleg dómararéttindi frá R&A.

### 2. gr. Hlutverk:

Hlutverk nefndarinnar er að:

1. Vera æðsti innlendi aðili um túlkun golfreglna.
2. Hafa umsjón með málefnum golfdómara í landinu.
3. Vera sérfræðilegur ráðunautur stjórnar GSÍ í öllum málum er varða golfdómara og golfreglur og sjá um erlend samskipti á sviði golfreglna og dómaramála, skv. beiðni hennar hverju sinni.
4. Annast sérhvert það verkefni varðandi golfreglur og dómara, sem stjórn GSÍ kann að fela henni.
5. Hafa umsjón með menntun golfdómara, bæði frummenntun og endurmenntun.
6. Funda reglulega með golfdómurum þar sem farið er m.a. í gegnum nýjungar í golfreglum, nýja úrskurði varðandi golfreglur og vafaatriði sem upp hafa komið.
7. Setja reglur og viðhalda þeim um störf dómara.
8. Miðla fræðslu til hins almenna kylfings um golfreglur í samráði við golfklúbba innan GSÍ
9. Vera aðildarklúbbum GSÍ innan handar við aðstoð á merkingum golfvalla, gerð staðarreglna, undirbúning fyrir mótahald eða hvað eina annað sem golfklúbbarnir leita eftir og nefndin getur veitt aðstoð með.

### 3. gr. Skipun dómara á mót:

Dómaranefnd skal senda tillögur til stjórnar GSÍ að niðurröðun dómara á mót á vegum sambandsins eigi síðar en 2 mánuðum áður en fyrsta mót hvers leikárs hefst. Nefndin skal leitast við að dómari í hverju móti sé vera félagsmaður í þeim golfklúbbi sem mótið heldur. Skal umsjónarklúbbum hvers móts fyrir sig send niðurröðun dómaranefndar og stjórnar GSÍ þegar hún liggur fyrir.

Geti viðkomandi dómari ekki af einhverjum sökum verið við dómgæslu sem hann hefur verið skipaður til skal hann tilkynna það til dómaranefndar GSÍ sem þá skipar nýjan dómara að höfðu samráði við stjórn GSÍ og viðkomandi umsjónarklúbb.

### 4. gr. Kostnaður við dómgæslu:

Stjórn GSÍ gefur árlega út gjaldskrá vegna dómgæslu í golfmótum og skal farið eftir henni þegar



dómurum eru greidd laun eða annar kostnaður vegna dómgæslu.

GSÍ skal leitast við að sjá lands- og alþjóðadómurum á GSÍ mótum fyrir nauðsynlegum áhöldum til dómgæslu svo sem:

1. Golfreglubókum.
2. Ritinu Decisions on the Rules of Golf / The Official Guide to the Rules of Golf.
3. Öðrum útgáfum frá R&A er varða golfreglur og mótahald, sem dómarar gætu þurft á að halda.
4. Tækjum til fjarlægðarmælinga.
5. Hlífðarfötum sem einkenna viðkomandi sem dómara, til nota við störf hans.

## 2. kafli Dómarar

### 5. gr. Flokkun dómara:

Golfdómarar skipast í þrjú flokka eftir menntun og reynslu:

1. Héraðsdómari  
Hefur staðist héraðsdómarapróf haldið af dómaranefnd GSÍ. Héraðsdómari hefur rétt til að dæma í innanfélagsmótum í golfklúbbi sínum, opnum mótum á vegum hans og mótum á vegum GSÍ nema annað sé tekið fram í reglugerðum GSÍ. Héraðsdómari hefur einnig rétt til að starfa sem aðstoðarmaður landsdómara eða alþjóðadómara.
2. Landsdómari  
Hefur staðist landsdómarapróf haldið af dómaranefnd GSÍ. Landsdómari hefur réttindi til að dæma í öllum innlendum mótum á vegum golfklúbba og GSÍ nema annað sé tekið fram í reglugerðum GSÍ. Landsdómari getur einnig verið aðstoðarmaður á alþjóðlegum mótum sem haldin eru hér á landi.
3. Alþjóðadómari  
Alþjóðadómarar eru allir þeir sem lokið hafa dómaraprófi frá R&A í samræmi við kröfur þeirra. Alþjóðadómari hefur réttindi til að dæma í öllum innlendum mótum á vegum golfklúbba og GSÍ, auk alþjóðlegra móta sem kunna að vera haldin hér á landi.

### 6. gr. Öflun dómara réttinda:

Til að fá dómara réttindi þarf viðkomandi að hafa náð 18 ára aldri, vera meðlimur í golfklúbbi innan GSÍ, auk þess að hafa sótt viðeigandi námskeið á vegum dómaranefndar GSÍ eða R&A og staðist þar próf.

Til að mega þreyta landsdómarapróf þarf viðkomandi að hafa:

1. Haft héraðsdómara réttindi samfelld í a.m.k. þrjú ár, og
2. Starfað sem golfdómari á golfmótum sem hafa staðið yfir í samtals 10 daga á þriggja ára tímabili.



Dómaranefnd GSÍ skal gera tillögu til stjórnar GSÍ um þá landsdómara sem teljast hafa nægjanlega kunnáttu og reynslu til að þreyta próf á vegum R&A og ákveður stjórn GSÍ hvort þá skuli senda utan til þess að þreyta prófið.

### **7. gr. Gildistími dómara réttinda**

Dómara réttindi eru veitt til enda gildistíma viðkomandi golfreglna, eða að hámarki til fjögurra ára.

### **8. gr. Endurnýjun dómara réttinda**

Til að endurnýja dómara réttindi skal viðkomandi hafa starfað að jafnaði sem nemur a.m.k. 40 klukkustundum á ári og sótt endurmenntunarnámskeið hjá dómaranefnd GSÍ. Endurnýjast réttindin þá til loka gildistíma nýrra golfreglna.

Sé endurmenntunarnámskeið ekki sótt eða dómari hefur ekki sinnt störfum á fullnægjandi hátt falla réttindin niður og þarf viðkomandi þá að sækja dómara námskeið að nýju og standast þar próf.

Dómaranefnd GSÍ er heimilt að skilyrða endurnýjun réttinda við að dómara standist sérstök endurmenntunarpróf. Framkvæmd slíkra prófa skal vera í höndum dómaranefndarinnar.

Til dómara starfa telst:

1. Undirbúningur vegna golfmóta, s.s. merking vallar og gerð staðarreglna.
2. Dómgæsla og störf sem aðstoðardómari.
3. Seta í dómaranefnd GSÍ.
4. Seta á fundum sem dómaranefnd GSÍ heldur.
5. Kennsla í golfreglum, hvort heldur sem er um að ræða fræðsla til almennra kylfinga eða þáttaka í kennslu golfreglna á vegum dómaranefndar GSÍ.
6. Gerð kennsluefnis vegna golfreglna.
7. Þýðing golfreglna á íslensku.
8. Önnur störf sem dómaranefnd GSÍ telur falla að störfum golfdómara.

Dómaranefndin getur veitt undanþágu frá þessum kröfum ef veikindi eða önnur atvik hamla því að dómari nái að uppfylla þær.

Dómarar skulu skila starfsskýrslu til dómaranefndar GSÍ fyrir lok hvers starfsárs.

### **9. gr. Svipting dómara réttinda**

Mæti dómari ekki til dómara starfa á mót sem hann hefur verið skipaður til án þess að tilkynna dómaranefnd um forföll skal dómaranefnd leita skýringa viðkomandi dómara og getur síðan veitt honum formlega áminningu telji hún ástæðu til. Verði endurtekning á þessu af hálfu dómara án frambærilegra skýringa er dómaranefnd heimilt að svipta viðkomandi dómara réttindum sínum.



Sá sem sviptur hefur verið réttindum einu sinni getur fengið þau aftur eftir að hafa sótt námskeið og þreytt próf líkt og hann hefði ekki haft dómarréttindi áður. Verði viðkomandi sviptur dómarréttindum í annað sinn er það endanleg svipting og getur hann ekki fengið þau endurnýjuð aftur.

Dómaranefnd er heimilt að svipta mann dómarréttindum, tímabundið eða til frambúðar, hafi hann hlotið áminningu eða verið úrskurðaður í leikbann af hálfu aganefndar GSÍ.

Samþykkt á stjórnarfundum GSÍ 28. apríl 2025